

Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Málsnr.: 216040073  
Skjalasafn Ráðhúss  
12. apríl 2016  
Tilsetarykill: 4400

Reykjavík, 7. apríl 2016  
SFS2016010028  
4.4

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

### ***Efni: Reglur um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla***

Á fundi skóla- og frístundaráðs 6. apríl sl., var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. mars 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla. Jafnframt lögð fram drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla, nógildandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla og minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglurnar. Ennfremur lögð fram umsögn skólaráðs Brúarskóla, dags. 14. janúar 2016, varðandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla.


Samþykkt og vísað til borgarráðs að reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla taki gildi 15. maí 2016 með fyrirvara um staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla frá 1. nóvember 2013.

Tekið er fram að 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, með síðari breytingum, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, kveður á um að ráðherra staðfesti reglur sveitarfélags um innritun og útskrift nemenda úr sérskóla eða sérúrræða sem stofnað er til skv. 42. gr. laga um grunnskóla. Innritunarreglur skulu birtar opinberlega.

Skv. 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um samþykktir og aðrar reglur sem skv. lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.

Að lokinni staðfestingu ráðherra þarf að birta reglurnar í B-deild Stjórnartíðinda.

Framangreindri samþykkt er hér með vísað til borgarráðs.

  
Virðingarfyllst

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Reglur um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla*

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. janúar 2016, var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla. Jafnframt voru lögð fram til kynningar drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla og nógildandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla.

Tekið er fram að gerð hefur verið breyting á drögunum frá því sem fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra, dags. 13. janúar 2016. Bætt hefur verið við kafla 1, 4. gr. b lið nýju ákvæði iv. sem hljóðar svo:

Séu umsóknir fleiri en þau pláss sem eru til ráðstöfunar í skólanum, forgangsraðar inntökuteymi umsóknunum eftir því hve hamlandi vandi umsækjenda er og gerir tillögu um röðun þeirra í þau pláss sem eru til ráðstöfunar.

Umsögn skólaráðs Brúarskóla, dags. 14. janúar 2016, liggur fyrir og kemur fram að engar athugasemdir eru gerðar við breytingarnar.

Lagt er til að reglurnar taki gildi 15. maí 2016, með fyrirvara um staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis en reglurnar taka ekki gildi nema ráðuneytið staðfesti þær.

Með samþykkt skóla- og frístundaráðs og borgarráðs og staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis falla úr gildi þann 15. maí 2016 reglur um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla frá 1. nóvember 2013.

## Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla

Markmið reglna um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla er m.a. að tryggja jafnræði við umfjöllun umsókna og vandaða stjórnáslu við afgreiðslu þeirra

### 1. Innritun í Brúarskóla.

1. Brúarskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur og er ráðgjafar- og sérskóli fyrir nemendur með hegðunarlegan, félagslegan og tilfinningalegan vanda. Skólinn er tímabundið úrræði fyrir nemendur, að jafnaði í eina til tvær annir. Skólinn er fyrir nemendur í 4. – 10. bekk:
  - með alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda
  - sem eiga í alvarlegum félags- og hegðunarerfiðleikum
  - sem eru komnir í vanda vegna fíkniefnaneyslu og/eða afbrota.
2. Foreldrar geta sótt um skólavist í Brúarskóla fyrir barn sitt, telji þeir, skólastjórnenndur, kennarar og aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla. Foreldrum, sem sækja um skólavist fyrir barn sitt skal kynntur skólinn með heimsókn foreldris og nemanda ef kostur er, áður en umsókn er tekin fyrir. Jafnframt skulu foreldrar upplýstir um að skólinn er tímabundið úrræði fyrir nemendur í eina til þrjár annir að jafnaði. Staðfesting á móttöku umsóknar ásamt upplýsingum um hvenær hún verður tekin fyrir skal berast foreldri innan tveggja vikna.
3. Áður en umsókn er tekin fyrir er haldinn upplýsingafundur í Brúarskóla þar sem boðaðir eru þeir aðilar sem að málum nemandans koma s.s. foreldrar, fulltrúar heimaskóla, fulltrúar sérfræðipjónustu skóla, barnavernd og aðrir sem að nemandanum koma og foreldrar telja mikilvægt að mæti á fundinn. Tilgangur fundarins er að safna saman upplýsingum um stöðu nemandans, þjónustu sem hann hefur notið og annað sem málið varðar.
4. Inntökuteymi er við skólann og leggur það tillögur sínar um afgreiðslu umsókna, fyrir skólastjóra. Allar athuganir inntökuteymisins skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.
  - a. Tillögur inntökuteymis taka mið af:
    - i. Fyrirliggjandi greiningum og/eða gögnum sem varða vanda nemandans og viðbrögðum við honum í heimaskóla. Heimaskóli nemanda er sá skóli sem hann er skráður í hverju sinni.
    - ii. Mati á stöðu nemandans. Í matinu skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans s.s. stöðu hans í námi, virkni hans og félagsstöðu, hegðun og líðan í skóla. Gæta skal þess að nemandinn eigi þess kost að tjá sig um niðurstöður matsins og koma á framfæri sjónarmiðum sínum eftir því sem aðstæður leyfa. Foreldrum skulu kynntar niðurstöður úr matinu áður en til innritunar kemur. Ráðgjafarsvið Brúarskóla kallar eftir matinu frá heimaskóla

## Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla

nemandans og sérfræðiþjónustu að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður matsins.

- iii. Hvort aðstæður og möguleikar í Brúarskóla séu líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum hegðunar- og félagslega og í almennum þroska.
- iv. Hvort aðstæður og þau úrræði sem nemandinn hefur notið eða eru möguleg í heimaskóla séu líkleg til að stuðla að framförum hjá nemandanum hegðunar- og félagslega og í almennum þroska.
- v. Óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs hans og þroska.
- vi. Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010 og breytingu á henni nr. 149/2015.

### b. Starfshættir inntökuteymis:

- i. Inntökuteymi getur kallað til sín einstaka aðila innan Brúarskóla, s.s. deildarstjóra eða fagaðila, til að meta hvort aðstæður í skólanum/námshópnum eru líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum hegðunar- og félagslega og í almennum þroska.
- ii. Inntökuteymi getur kallað til sín sérfræðinga utan skólans í námi og skólagöngu barna með hegðunarraskanir og sérfræðinga varðandi vanda barnsins. Gefa skal foreldrum kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum.
- iii. Inntökuteymi getur eftir þörfum kallað eftir viðbótarupplýsingum varðandi einstaka umsóknir, s.s. frá sérfræðiþjónustu við skóla og/eða falið ráðgjafarsviði Brúarskóla að fylgjast með nemandanum í aðstæðum heimaskóla enda hafi foreldrar samþykkt slíkt.
- iv. Séu umsóknir fleiri en þau pláss sem eru til ráðstöfunar í skólanum, forgangsraðar inntökuteymi umsóknunum eftir því hve hamlandi vandi umsækjenda er og gerir tillögu um röðun þeirra í þau pláss sem eru til ráðstöfunar.

### 5. Afgreiðsla umsókna:

- a. Skólastjóri tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsókna á grundvelli tillagna inntökuteymis enda hafi inntökuteymi tekið mið af ofangreindu.
  - i. Skólastjóri tilkynnir ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um skólavist með bréfi til foreldra og afrit til heimaskóla samþykki foreldrar það.
  - ii. Leggi inntökuteymi til að umsókn verði synjað skal skólastjóri tilkynna foreldrum það með bréfi. Gera skal grein fyrir afstöðu til allra sjónarmiða sem færð hafa verið fram og hvernig þau varða heildarhagsmuni nemandans. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig

## Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla

---

- um fyrirhugaða synjun. Andmæli foreldra skulu berast skólanum skriflega innan tveggja vikna.
- iii. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
  - iv. Sé umsókn synjað vegna plássleysis í skólanum skal foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn sinni inni í skólanum til umfjöllunar síðar.
  - v. Afgreiðslu umsókna skal vera lokið innan mánaðar frá því að umsókn berst til skólans. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast upplýsir skólastjóri foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðslu sé að vænta.
6. Sé umsókn samþykkt vegna nemanda sem sótt er um fyrir vegna alvarlegs skólasóknarvanda í heimaskóla er krafist lágmarks skólasóknar af hálfu nemanda. Komi fram áframhaldandi alvarlegur skólasóknarvandi færist nemandinn aftur í heimaskóla, enda eru aðstæður og möguleikar Brúarskóla ekki líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum hegðunar- og félagslega og í almennum þroska sbr. kafla um tillögur inntökuteymis hér að framan. Lágmarks skólasókn telst vera 50% mæting hverja viku í 3 vikur. Foreldrum nemanda skal gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og andmælum áður en ákvörðun er tekin um að færa nemanda aftur í heimaskóla. Sé ákvörðun tekin um að færa nemanda aftur í heimaskóla skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
7. Skipan inntökuteymis:
- a. Í inntökuteymi skólans situr skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Brúarskóla, deildarstjóri og sálfræðingur ráðgjafarsviðs Brúarskóla, verkefnastjórar skóla- og frístundasviðs á sviði sérkennslumála og um samstarf foreldra og skóla.

## 2. Útskrift úr Brúarskóla

1. Brúarskóli er tímabundið skólaúrræði fyrir nemendur í 4. – 10. bekk að jafnaði í eina til tvær annir.
2. Útskrift úr Brúarskóla í heimaskóla
  - a. Þegar nemandi útskrifast úr Brúarskóla skal gera áætlun um skólaskil og aðlögun í heimaskóla sem byggir á reglulegu stöðumati um nemandann.
  - b. Að mótun og gerð áætlunarinnar koma kennarar nemandans í Brúarskóla, skólastjórnandi og kennari/sérkennari í heimaskóla, fulltrúi sérfræðipjónustu skóla, nemandinn og foreldrar hans.
  - c. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu þar koma fram upplýsingar um nemandann s.s. hegðun, náms- og félagslega

## Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla

---

stöðu, virkni og líðan ásamt einstaklingsnámskrá. Í henni skal einnig vera áætlun um aðlögun í heimaskóla þar sem gerð er grein fyrir samvinnu Brúarskóla og heimaskóla og hlutverki skólanna í því ferli ásamt eftirfylgd með nemandanum frá Brúarskóla.

### 3. Útskrift að loknu grunnskólanámi:

- a. Ljúki nemandi grunnskólanámi í Brúarskóla skal hefja gerð áætlunar um skólaskil ekki síðar en í 9. bekk eða strax og nemandinn innritast í skólann hefji hann nám í 10. bekk.
- b. Að móttun og gerð áætlunarinnar koma kennarar nemandans í Brúarskóla, aðrir fagaðilar um nám hans og skólagöngu, nemandinn sjálfur og foreldrar hans.
- c. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu koma fram upplýsingar um skólagöngu hans, náms- og félagslega stöðu, einstaklingsnámskrá, áform hans um frekara nám og áhugamál.
- d. Í áætluninni skal koma fram hvernig vali á framhaldsnámi/skóla er háttað, kynningum á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og aðlögun í nýjan skóla.

Reglurnar eru settar á grundvelli 20. greinar reglugerðar nr. 585/2010, sbr. einnig reglugerð nr. 148/2015, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Reglurnar taka gildi 15. maí 2016. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla frá 1. nóvember 2013.

## Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla

---

Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla á grundvelli 20. greinar reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010. Reglurnar taka gildi frá og með 1. nóvember 2013.

Markmið reglna um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla er m.a. að tryggja jafnræði við umfjöllun umsókna og vandaða stjórnáslu við afgreiðslu þeirra. (sbr. Stjórnáslulög nr. 37/1993)

### 1. Innritun í Brúarskóla.

- Brúarskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur og er ráðgjafar- og sérskóli fyrir nemendur með hegðunarlegan, félagslegan og tilfinningalegan vanda. Skólinn er fyrir nemendur í 4. – 10. bekk:
  1. með alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda
  2. sem eiga í alvarlegum félags- og hegðunarerfiðleikum
  3. sem eru komnir í vanda vegna fíkniefnaneyslu og/eða afbrota.
- Foreldrar geta sótt um skólavist í Brúarskóla fyrir barn sitt, telji þeir, skólastjórnenndur, kennarar eða aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla. Foreldrum, sem hyggjast sækja um skólavist fyrir barn sitt skal kynntur skólinn með heimsókn foreldris og nemanda, áður en umsókn er tekin fyrir. Jafnframt skulu foreldrar upplýstir um að skólinn er tímabundið úrræði fyrir nemendur í eina til þrjár annir að jafnaði. Staðfesting á móttöku umsóknar ásamt upplýsingum um hvenær hún verður tekin fyrir skal berast foreldri innan tveggja vikna.
- Áður en umsókn er tekin fyrir er haldinn upplýsingafundur í Brúarskóla þar sem boðaðir eru þeir aðilar sem að málum nemandans koma s.s. foreldrar, fulltrúar heimaskóla, fulltrúar sérfræðiþjónustu skóla, barnavernd og aðrir sem að nemandanum koma og foreldrar telja mikilvægt að mæti á fundinn. Tilgangur fundarins er að safna saman upplýsingum um stöðu nemandans, þjónustu sem hann hefur notið og annað sem málið varðar.
- Inntökuteymi er við skólann og leggur það tillögur sínar um afgreiðslu umsókna, fyrir skólastjóra.
  - Tillögur inntökuteymis taka mið af:
    - ✓ Fyrirliggjandi greiningum og/eða gögnum sem varða vanda nemandans og viðbrögðum við honum í heimaskóla. Heimaskóli nemanda er sá skóli sem hann er skráður í hverju sinni.
    - ✓ Mati á stöðu nemandans. Í matinu skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans s.s. stöðu hans í námi, virkni hans og félagsstöðu, hegðun og líðan í skóla. Ráðgjafarsvið Brúarskóla

## Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla

- kallar eftir matinu frá heimaskóla nemandans og sérfræðipjónustu að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður matsins
- ✓ Hvort aðstæður og möguleikar í Brúarskóla séu líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum hegðunar- og félagslega og í almennum þroska.
  - ✓ Hvort aðstæður og þau úrræði sem nemandinn hefur notið eða eru möguleg í heimaskóla séu líkleg til að stuðla að framförum hjá nemandanum hegðunar- og félagslega og í almennum þroska.
  - ✓ Óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs hans og þroska.
  - ✓ Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.
- Starfshættir inntökuteymis:
- ✓ Inntökuteymi getur kallað til sín einstaka aðila innan Brúarskóla, s.s. deildarstjóra eða fagaðila, til að meta hvort aðstæður í skólanum/námshópnum eru líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum hegðunar- og félagslega og í almennum þroska.
  - ✓ Inntökuteymi getur kallað til sín sérfræðinga utan skólans í námi og skólagöngu barna með hegðunarraskanir og sérfræðinga varðandi vanda barnsins. Gefa skal foreldrum kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum
  - ✓ Inntökuteymi getur eftir þörfum kallað eftir viðbótarupplýsingum varðandi einstaka umsóknir, s.s. frá sérfræðipjónustu við skóla og/eða falið ráðgjafarsviði Brúarskóla að fylgjast með nemandanum í aðstæðum heimaskóla enda hafi foreldrar samþykkt slíkt.
- Afgreiðsla umsókna:
- Skólastjóri tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsókna á grundvelli tillagna inntökuteymis enda hafi inntökuteymi tekið mið af ofangreindu.
    - ✓ Skólastjóri tilkynnir ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um skólavist með bréfi til foreldra.
    - ✓ Leggi inntökuteymi til að umsókn verði synjað skal skólastjóri tilkynna foreldrum það með bréfi. Gera skal grein fyrir afstöðu til allra sjónarmiða sem færð hafa verið fram og hvernig þau varða heildarhagsmuni nemandans. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Andmæli foreldra skulu berast skólanum skriflega innan tveggja vikna.
    - ✓ Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi



## Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla

til foreldra og upplýsa þá um kærurétt skv. 47. gr. Laga um grunnskóla nr. 91/2008.

- ✓ Afgreiðslu umsókna skal vera lokið innan mánaðar frá því að umsókn berst til skólans. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast upplýsir skólustjóri foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðslu sé að vænta.

- Skipan inntökuteymis:
  - Í inntökuteymi skólans situr skólustjóri og aðstoðarskólustjóri Brúarskóla, deildarstjóri og sálfræðingur ráðgjafarsviðs Brúarskóla, verkefnastjórar skóla- og frístundasviðs á sviði sérkennslumála og um samstarf foreldra og skóla.

### 2. Útskrift úr Brúarskóla

- Útskrift úr Brúarskóla í heimaskóla
  - Þegar nemandi útskrifast úr Brúarskóla skal gera áætlun um skólaskil og aðlögun í heimaskóla sem byggir á reglulegu stöðumati um nemandann.
  - Að mótun og gerð áætlunarinnar koma kennarar nemandans í Brúarskóla, skólustjórnandi og kennari/sérkennari í heimaskóla, fulltrúi sérfræðipjónustu skóla, nemandinn og foreldrar hans.
  - Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu þar koma fram upplýsingar um nemandann s.s. hegðun, náms- og félagslega stöðu, virkni og líðan ásamt einstaklingsnámskrá. Í henni skal einnig vera áætlun um aðlögun í heimaskóla þar sem gerð er grein fyrir samvinnu Brúarskóla og heimaskóla og hlutverki skólanna í því ferli ásamt eftirfylgd með nemandanum frá Brúarskóla.
- Útskrift að loknu grunnskólanámi:
  - Ljúki nemandi grunnskólanámi í Brúarskóla skal hefja gerð áætlunar um skólaskil ekki síðar en í 9. bekk eða strax og nemandinn innritast í skólann hefji hann nám í 10. bekk.
  - Að mótun og gerð áætlunarinnar koma kennarar nemandans í Brúarskóla, aðrir fagaðilar um nám hans og skólagöngu, nemandinn sjálfur og foreldrar hans.
  - Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu koma fram upplýsingar um skólagöngu hans, náms- og félagslega stöðu, einstaklingsnámskrá, áform hans um frekara nám og áhugamál.
  - Í áætluninni skal koma fram hvernig vali á framhaldsnámi/skóla er háttað, kynningum á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og aðlögun í nýjan skóla.



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 11. janúar 2016  
SFS2016010028  
91. fundur / fskj. 3.1  
HG/gst

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### *Efni: Reglur um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla*

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, með síðari breytingum, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, skulu sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði setja reglur um innritun nemenda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Heimilt er að ákveða í slíkum reglum að ráð skipað fagaðilum skuli gera tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði.

Með breytingu á framangreindri reglugerð, sbr. reglugerð nr. 148/2015, er sveitarfélögum gert skylt að endurskoða núverandi reglur um innritun og útskrift og senda ráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok 2015.

Brúarskóli hefur starfað eftir reglum um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla frá 1. nóvember 2013.

Skóla- og frístundasvið hefur í samráði við Brúarskóla endurskoðað reglur Brúarskóla um innritun og útskrift og leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á kafla 1. Innritun í Brúarskóla:

- Í 1. kafla, lið 1 er bætt við um skólann: „Skólinn er tímabundið úrræði fyrir nemendur, að jafnaði í eina til tvær annir.“
- Í 1. kafla, lið 2 er orðalagsbreyting. Í stað „Foreldrum sem hyggjast sækja um skólavist fyrir barn sitt skal kynntur skólinn með heimsókn foreldris og nemanda áður en umsókn er tekin fyrir.“ kemur „Foreldrum sem sækja um skólavist fyrir barn sitt skal kynntur skólinn með heimsókn foreldris og nemanda ef kostur er.“
- Í 1. kafla, lið 4, umfjöllun um inntökuteymi bætist: „Allar athuganir inntökuteymis skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.

Í 1. kafla, lið 4, a, ii um mat á stöðu nemanda bætist við: „Gæta skal þess að nemandinn eigi þess kost að tjá sig um niðurstöður matsins og koma á framfæri sjónarmiðum sínum eftir því sem aðstæður leyfa. Foreldrum skulu kynntar niðurstöður úr matinu áður en til innritunar kemur.“ Viðbótin er til samræmis við 20. gr. ofangreindrar reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla

Einnig bætist við í lið 4, a, vi, „og breytingu á henni nr. 149/2015.“

- Í 1. kafla, lið 5, afgreiðsla umsókna, a, iii bætist: „Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.“
- Í 1. kafla, lið 5, afgreiðsla umsókna, a, iv kemur nýtt ákvæði sem orðast svo: Sé umsókn synjað vegna plássleysis í skólanum skal foreldrum gefinn kostur á að halda aumsókn sinni inni í skólanum til umfjöllunar síðar.
- Í 1. kafla bætist við nýr liður 6. „Sé umsókn samþykkt vegna nemanda sem sótt er um fyrir vegna alvarlegs skólasóknarvanda í heimaskóla er krafist lágmarks skólasóknar af hálfu nemanda. Komi fram alvarlegur skólasóknarvandi færast nemandinn aftur í heimaskóla, enda eru aðstæður og möguleikar Brúarskóla ekki líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum hegðunar- og félagslega og í almennum þroska sbr. kafla um tillögur inntökuteymis hér að framan. Lágmarks skólasókn telst vera 50% mæting hverja viku í 3 vikur. Foreldrum nemanda skal gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og andmælum áður en ákvörðun er tekin um að færa nemanda aftur í heimaskóla. Sé ákvörðun tekin um að færa nemanda aftur í heimaskóla skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.“

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á kafla 2. Útskrift úr Brúarskóla:

- Við bætist nýr liður 1. „Brúarskóli er tímabundið skólaúrræði fyrir nemendur í 4. – 10. bekk, að jafnaði í eina til tvær annir.“
- Í lok kaflans bætist við:

Reglurnar eru settar á grundvelli 20. greinar reglugerðar nr. 585/2010, sbr. einnig reglugerð nr. 148/2015, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Reglurnar taka gildi 20. janúar 2016. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla frá 1. nóvember 2013.

Reglurnar eru til umfjöllunar í skólaráði Brúarskóla í vikunni 18. til 22. janúar 2016.

Lagt er til að reglurnar taki gildi 1. febrúar 2016. Með samþykkt skóla- og frístundaráðs og borgarráðs falla úr gildi reglur um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla frá 1. nóvember 2013.


Reykjavík 14. janúar 2016

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
Reykjavík

**Efni: Umsögn skólaráðs Brúarskóla vegna reglna um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla**

Fjallað var um reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla á fundi skólaráðs Brúarskóla 14. janúar 2016. Skólastjóri Brúarskóla, fulltrúar starfsmanna og foreldra fóru yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglunum. Engar athugasemdir voru gerðar við breytingarnar.


Skólaráð Brúarskóla samþykkir reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla.




Björk Jónsdóttir  
skólastjóri Brúarskóla




Bryndís Steinunn Brynjarsdóttir  
fulltrúi foreldra



Hanna Símonardóttir  
fulltrúi foreldra



Ísafi Logi Sigurþórsson  
fulltrúi starfsmanna Brúarskóla



Fabio La Marca  
fulltrúi starfsmanna Brúarskóla